

## Hlustunaræfing 2

## Eintak kennara

Fyrst er öll sagan lesin einu sinni. Svo eru spurningarnar lesnar allar einu sinni. Því næst er sagan lesin í fimm hlutum og stoppað við hvern hluta á meðan þau krossa við rétt svar.

### Hér á eftir heyrum við viðtal við Siggu og Atla.

NN: Atli viltu segja okkur svolítið frá sjálfum þér? Hvernig er að búa í Sólbæ? Finnst þér það gaman?

Atli: Nei mér finnst ekki gaman að búa hér. Ég vil gjarnan flytja í Vesturbæ. Hér í Sólbæ er ekkert við að vera. Hér er ekki bíó og enginn matsölustaður. Bara ein sjoppa. Á kvöldin hittumst við í sjoppunni til að tala saman. Á laugardögum förum við í Vesturbæ á diskótek. Það er mjög skemmtilegt. Mér finnst gaman að dansa. Ég þarf ekki að taka strætó því Einar á bíl. Ég fæ alltaf far hjá honum.

Ég á ekki bíl. Ég hef engan áhuga á bílum. Mig langar í mótórhjól en þau eru dýr og ég hef, því miður ekki efni á því.

Ég vinn í verksmiðju hér í bæ. Við framleiðum húsgögn. Það er gaman í vinnunni. Ég fæ 120.000 kr. í laun á mánuði. Það er ekki svo slæmt. Ég er aðeins 18 ára og hef bara verið 9 ár í skóla.

NN: Þetta var viðtal við Atla. Nú tókum við viðtal við Siggu. Hún er 20 ára og á líka heima í Sólbæ. Hvernig er að búa í Sólbæ Sigga?

Sigga: Bara fínt, takk fyrir. Mér líkar vel að búa hér. Ég hef nóg við að vera eftir skóla. Ég læri spænsku á kvöldin tvisvar í viku. Mig langar svo að ferðast til Spánar.

Ég á hund hann heitir Kátur. Ég fer í langar gönguferðir með Kát, kvölds og morgna. Svo hef ég gaman af að taka myndir. Ég tek oft myndir af Kát.

Já, og hvað geri ég meira....? Ég les. Bæði vikublöð og bækur, líka dagblöð. Svo horfi ég oft á sjónvarpið. Ég hef mest gaman af að horfa á framhaldspætti. Ég þrjóna þegar ég horfi á sjónvarpið. Ég þarf ekki að líta á þrjónauppskriftir þegar ég þrjóna.

Jæja ég verð að fara. Ég hef ekki tíma til að standa hér og tala. Ég á von á gestum klukkan 7, ég verð að byrja að elda matinn. Gestirnir fá fisk og hrísgrjón. Í eftirrött fá þeir eplaköku og kaffi. Ég hlakka mikið til.

